

**Ingveldur Einarsdóttir
Viðar Már Matthíasson og
Þorgeir Örlygsson
hæstaréttardómarar.**

Nýjar reglur um málgögn í einkamálum og sakamálum.

1. Inngangur

Hæstiréttur Íslands hefur sett nýjar reglur um málgögn í einkamálum nr. 601/2014 og í sakamálum nr. 600/2014 og taka þær gildi 1. september 2014.¹ Reglur þessar koma í stað reglna nr. 463/1994 um málgögn (ágrip) í einkamálum og reglna nr. 462/1994 um málgögn (ágrip) í opinberum málum. Í 4. mgr. 156. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 3. mgr. 202. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er mælt fyrir um að Hæstiréttur skuli setja slíkar reglur. Í stuttu máli má segja í að þessum reglum sé að finna fyrirmæli um í hvaða búningi mál skuli lögð fyrir Hæstarétt.

Þegar dómi í einkamáli er áfrýjað til Hæstaréttar er ekki sjálfgefið að ágreiningsefni málsins fyrir Hæstarétti séu að öllu leyti hin sömu og í héraði. Þegar lögmaður höfðar mál fyrir héraðsdómi er oft erfitt að sjá fyrir hvernig málið mun að framkomnum vörnum stefnda og að lokinni framlagningu skjala og annarra sönnunargagna og er skýrslur hafa verið teknar af vitnum, liggja fyrir dómara þess. Á þetta einkum við í flóknari málum og þegar ágreiningur er um málsatvik. Að gengnum dómi í héraði kann að vera að sá sem telur ástæðu til að áfrýja uni þó við héraðsdóminn að hluta, en krefjist breytinga að öðru leyti. Gagnaðili hans unir e.t.v. héraðsdómi að öllu leyti, eða telur ástæðu til að gagnáfrýja og krefjast einhverra breytinga á héraðsdómi. Af þessum ástæðum og öðrum getur verið að ágreiningsefni málsins fyrir Hæstarétti séu önnur en þau voru í héraði og málið liggi því fyrir réttinum með öðrum hætti en stefnandi þess í héraði gerði ráð fyrir. Til samræmis við þetta er kveðið á um það í d. lið 1. mgr. 155. gr. laga nr. 91/1991 og a. lið 2. mgr. 156. gr. að tilgreina skuli í áfrýjunarstefnu og greinargerð áfrýjanda í hvaða skyni áfrýjað sé og hvers sé krafist fyrir Hæstarétti.

Í 2. mgr. 199. gr. laga nr. 88/2008 er mælt fyrir um að þegar ákærði lýsi yfir áfrýjun héraðsdóms skuli hann í tilkynningu um það til ríkissaksóknara tiltaka nákvæmlega í hvaða skyni áfrýjað sé og hverjar dómkröfur séu gerðar. Í grófum dráttum má segja að við áfrýjun dóma í sakamálum sé annað hvort áfrýjað einungis vegna niðurstöðu héraðsdóms um alla eða einungis hluta þeirra ákæruliða, sem þar var fjallað um, eða vegna eins eða fleiri þátta sem getið er um í a. til e.

¹Drög að reglum voru samin af tveimur nefndum. Af hálfu Hæstaréttar sátu Ingveldur Einarsdóttir, Viðar Már Matthíasson og Þorgeir Örlygsson í báðum nefndunum, en Lögmannafélag Íslands tilnefndi Jóhannes Karl Sveinsson og Lilju Jónasdóttur hæstaréttarlögmenn í nefndina sem vann að reglum um málgögn í einkamálum og Vilhjálmm Hans Vilhjálmsson hæstaréttarlögmann í nefndina sem vann að reglum um málgögn í sakamálum. Í henni sat líka Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari, sem ríkissaksóknari tilnefndi.

liðum 1. mgr. 196. gr. laganna. Til samræmis við þetta er mælt fyrir um það í c. lið 2. mgr. 201. gr. laga nr. 88/2008 að ríkissaksóknari skuli í áfrýjunarstefnu, sem hann gefur út, tilgreina hver áfrýji héraðsdómi „og nákvæmlega í hvaða skyni það sé gert“.

Reglum um málgögn í einkamálum og sakamálum er ætlað að mæla fyrir um að sá sem áfrýjar máli skuli við framlagningu skjala í Hæstarétti, þ.e. við gerð málgagna, leggja málið fyrir Hæstarétt í samræmi við þau ágreiningsefni, sem takaskal til meðferðar þar fyrir dómi. Þegar málið er lagt fyrir Hæstarétt eiga ekki að vera meðal málgagna önnur skjöl og endurrit en þörf er á til þess að leysa megi úr málinu eins og það liggur fyrir réttinum. Þetta var einnig markmið eldri reglna og hefur reyndar verið markmið lagareglna um þetta efni frá öndverðu, sbr. 37. gr. laga nr. 22/1919 um Hæstarétt og síðar 37. gr. laga nr. 112/1935 um sama efni.²

Á síðustu árum hefur það orðið algengara að málgögn sem lögð eru fyrir Hæstarétt hafi að geyma öll þau skjöl sem lögð voru fram í héraði og endurrit allra skýrslna fyrir héraðsdómi. Á þetta bæði við um einkamál og sakamál. Mörg dæmi eru einnig um að sum skjöl séu í fleiri en einu eintaki í málgögnum. Til dæmis hendir það oft að þar sé að finna matsbeiðni og endurrit dómkvaðningar matsmanns og síðar matsgerðina sjálfa með fylgigögnum, sem matsmaðurinn fékk frá matsbeiðanda svo sem matsbeiðni, endurrit dómkvaðningar o.fl.³ Þetta er í ósamræmi við gildandi reglur um málgögn og á ekki að eiga sér stað. Hæstiréttur hefur í nokkrum dómum fundið að slíkum málalíbúnaði, sbr. til dæmis dóma réttarins 24. janúar 2002 í máli nr. 331/2001 og 14. janúar 2010 í máli nr. 137/2009, þar sem gerð málgagna hafði vikið verulega frá fyrirmælum reglna um það efni. Tilefni til slíkra aðfinnslna hafa þó verið mun fleiri. Þetta á einnig við um málgögn í sakamálum, þar sem stundum hafa legið fyrir Hæstarétti öll gögn, sem lögð hafa verið fram í héraði, þótt dómi sé ekki áfrýjað að því er alla ákæruliði í héraði varðar, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 7. febrúar 2013 í máli nr. 74/2012.

Í þessari grein verður fjallað um efni hinna nýju reglna og leitast við að skýra þær, einkum nýmæli, sem þar eru að finna. Verður fyrst fjallað um reglur um málgögn í einkamálum en að því búnu reglur um málgögn í sakamálum.

2. Reglur um málgögn í einkamálum

2.1 Hvað telst til málgagna?

Samkvæmt 1. mgr. 156. gr. laga nr. 91/1991 ber áfrýjanda, um leið og hann afhendir Hæstarétti áfrýjunarstefnu og greinargerð sína, að afhenda réttinum málgögn í þeim fjölda eintaka sem rétturinn ákveður. Til málgagna teljast „þau málsskjöl og endurrit sem áfrýjandi hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og liggja þegar fyrir.“ Í 1. gr. reglna nr. 601/2014 er áréttað að til „málgagna teljast einungis þau málskjöl og önnur gögn sem áfrýjandi hyggst byggja mál sitt á fyrir Hæstarétti og liggja þegar fyrir, auk skjala sem stefndi reisti mál sitt á í héraði og áfrýjandi má með réttu telja nauðsynleg vegna varna stefnda fyrir réttinum.“ Þá segir að í málgögnum skuli einnig vera endurrit þinghalda í héraði og önnur gögn, sem mælt er fyrir um í reglunum. Í reglum nr. 601/2014 er ekki notað orðið „ágrip“ eins og gert var í heiti eldri reglna en orðið ágríp hefur oft verið notað um þau gögn, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt við áfrýjun. Orðið ágríp er gamalt og átti við áður en nútíma ljósritunartækni kom til og endurgera þurfti skjöl áður en þau voru lögð fyrir Hæstarétt. Þá var gert ráð fyrir að einungis yrði skrifður upp sá hluti hvers

²Í riti Einars Arnórssonar, Áfrýjun einkamála, 2. útg. 1937, er á bls. 46 fjallað stuttlega um efnið.

³Sjá t.d. Jón Steinar Gunnlaugsson, Um málskot í einkamálum, bls. 64-65.

skjals, sem þýðingu hafði fyrir flutning málsins fyrir Hæstarétti og einungis þau skjöl sem þýðingu höfðu þar fyrir dómi.⁴ Nú á þetta ekki við, þótt vissulega sé gert ráð fyrir að sú staða geti komið upp að einungis hluti skjals sé lagður fyrir Hæstarétt, sbr. t.d. 6. gr. reglnanna. Líklega mun slíkt þó heyra til undantekninga. Málsgögn eru að sínu leyti ágríp þeirra skjala sem lögð voru fram í héraði og endurrit þinghalda og skýrslna aðila og vitna í héraði, þegar það á við, þótt merkingin sé ekki sú sama og áður var.

2.2 Fjöldi eintaka málgagna

Í 1. mgr. 156. gr. laga nr. 91/1991 er kveðið á um að skrifstofa Hæstaréttar ákveði fjölda málgagna. Í 2. mgr. 1. gr. reglna 601/2014 er þó með almennum hætti ákveðið að áfrýjandi skuli afhenda stefnda, eða hverjum stefnda, séu þeir fleiri en einn, eitt eintak málgagna um leið og þau eru afhent Hæstarétti. Fram að þessu hefur framkvæmdin verið sú að stefndi, eða hver stefndu, hefur fengið tvö eintök, en engin þörf var talin á því að halda í þá reglu. Telji stefndi þörf á fleiri en einu eintaki t.d. vegna þess að hann vilji taka þátt í undirbúningi varna fyrir Hæstarétti með lögmanni sínum, verður hann sjálfur að ljósrita nýtt eintak.

2.3 Ábyrgð á gerð málgagna. Skylda til samráðs við stefnda.

Í 1. mgr. 2. gr. reglna nr. 601/2014 er mælt fyrir um að það sé áfrýjandi sem beri ábyrgð á gerð málgagna og að þau séu í samræmi við reglurnar. Það er því á ábyrgð hans að fara yfir gögn málsins eins og þau lágu endanlega fyrir í héraði og endurrit af framburði þeirra, sem gáfu skýrslu fyrir dómi og taka afstöðu til þess hvað af þeim á að taka með í málgögnin. Honum ber í því efni að miða við tvennt, í fyrsta lagi hvað af þessum skjölum og endurritum er nauðsynlegt, miðað við hvernig málið liggur fyrir Hæstarétti og hvað þar er deilt um og í öðru lagi hvað hann má með réttu telja að þurfi að liggja fyrir miðað við þær varnir sem ætla má að stefndi haldi uppi í málinu, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglnanna. Við þetta mat verður áfrýjandi að taka sanngjarnt og eðlilegt tillit til hagsmuna stefnda. Honum ber við þetta verk að hafa samráð við stefnda og taka sanngjarnt tillit til óska hans.⁵ Ætla má að þetta gangi almennt þannig fyrir sig að málsaðilar séu sammála um þetta og að slíkt samráð sé ekki tímafrekt fyrir áfrýjanda. Ekki er þó unnt að útiloka að um þetta náist ekki samstaða eða ljóst sé fljótlega að samráð skili engum árangri. Ekki verða gerðar þær kröfur til áfrýjanda að hann eyði löngum tíma með tilheyrandi kostnaði í samráð, sem e.t.v. liggur ljóst fyrir að engu muni skila. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 601/2014 er honum þó skylt, þegar ágreiningur er uppi um hverra skjala sé þörf við gerð málgagna, að taka með þau skjöl og endurrit, sem hann sjálfur telur nauðsynleg og einnig þau skjöl sem hann með sanngirni má telja nauðsynleg fyrir stefnda vegna varna hans. Auk þess tekur hann með ný skjöl sem hann hyggst leggja fyrir Hæstarétt. Ef stefndi unni þessu ekki, telur þörf á fleiri skjölum eða endurritum, verður hann sjálfur að útbúa sín málgögn og leggja fyrir í þeim búningi sem reglurnar mæla fyrir um. Hann ber í því tilviki ábyrgð á þeim málgögnum, sem hann leggur fram, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 601/2014.

Í eldri reglum nr. 463/1994 var einnig gert ráð fyrir að slíkt samráð væri viðhaft en að til þess gæti komið að stefndi þyrfti að leggja fram sín eigin málgögn.⁶ Sú breyting hefur orðið á að nú

⁴Sjá Jón Steinar Gunnlaugsson, Um málskot í einkamálum, bls. 62, neðanmálgrein 61.

⁵Þess má geta að frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir að málsaðilar hafi samráð um gerð málgagna, sem lögð eru fyrir Hæstarétt, sbr. Einar Arnórsson, Áfrýjun einkamála, 2. útgáfa 1937, bls. 46.

⁶Fyrstu reglur um gerð málgagna (ágrípa) vegna áfrýjunar til Hæstaréttar útilokuðu ekki að stefndi gerði einnig ágríp af sinni hálfu, sbr. Einar Arnórsson, Áfrýjun einkamála, 2. útgáfa 1937, bls. 46.

er kveðið á um þetta með skýrari hætti en áður og tekið af skarið um að það sé áfrýjandi sem oftast muni bera ábyrgð á gerð þeirra málgagna, sem lögð eru fyrir Hæstarétt.

Í 3. mgr. 2. gr. reglnanna er svo hnykkt á þeirri meginreglu að báðum aðilum, þ.e. þegar hvor þeirra leggur fram sín málgögn, sé skylt að gæta þess að ekki séu í málgögnunum skjöl eða endurrit sem engu skipta við úrlausn málsins fyrir Hæstarétti og að í málgögnunum sé aðeins eitt eintak af hverju skjali.

2.4. Röð skjala í málgögnum

2.4.1 Inngangur

Fremst í málgögnum skal vera efnisskrá og eru ákvæði í 4. gr. reglna nr. 601/2014 um skipan hennar. Verður vikið nánar að henni í næsta kafla. Á eftir efnisskránni koma skjölin í þeirri röð, sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglnanna.

2.4.2 „Réttarfarsskjöl“ lögð fram í héraði

Í b. til d. liðum 3. gr. er mælt fyrir um að á eftir efnisskránni í málgögnum skuli koma skjöl, sem hér eru nefnd réttarfarsskjöl, þ.e. fyrst héraðsdómsstefna og skrá um framlögð skjöl, sem leggja ber fram við þingfestingu málsins í héraði, sbr. 1. mgr. 95. gr. laga nr. 91/1991. Þá skal koma greinargerð stefnda í héraði og þar á eftir gagnstefna í héraði og greinargerð gangstefnda ef gagnsakarmál er höfðað. Í þeim tilvikum sem framhaldsstefnt er, sakaukastefnt, meðalgöngusök höfðuð eða stefnt til réttargæslu liggur beint við að álykta að slíkum réttarfarsskjölumskuli skipað á þessum stað í málgögnum.

2.5 Framlögð skjöl í héraði í tímaröð

Í e. lið 3. gr. segir að næst skuli koma framlögð skjöl í héraði, en einungis að því marki sem áfrýjandi telur, að teknu tilliti til sjónarmiða stefnda, að vera þurfi í málgögnum. Leggja ber áherslu á að skjölin skulu vera í tímaröð, en ekki í framlagningarröð í héraði. Alkunna er að við rekstur máls í héraði er það oft svo, að hvor eða hver málsaðila leggur fram skjöl, gjarnan eftir því sem málinu vindur fram og er tímaröð skjala því gjarnan önnur en framlagningarröðin. Það auðveldar í flestum tilvikum lestur málsins í heild að fara yfir skjölin í tímaröð. Þetta er ekki algilt, en á þó við í langflestum tilvikum. Þess vegna er brýnt að skjöl, sem ástæða er til að taka í málgögn séu þar í tímaröð. Skjöl, sem ekki eru tímasett, bæði ódagsett bréf og þess háttar, ljósmyndir, kort og annað á að hafa í röð innan um önnur skjöl þar sem þau eru í bestu efnislegu samhengi við önnur skjöl. Stundum ber þó að hafa kort og uppdrætti í sérhefti, eins og síðar greinir.

2.6 Endurrit

Þar næst skulusamkvæmt f. og g. liðum 3. gr. reglna nr. 601/2014 koma endurrit af bókunumí þingbók í héraði og skulu þau vera í tímaröð. Þar á eftir skulu koma endurrit framburðar þeirra sem gefið hafa skýrslu fyrir héraðsdómi, að því leyti sem þörf er á vegna reksturs málsins fyrir Hæstarétti, eins og það liggur fyrir þar. Algengast er að slík endurrit séu lögð fram í þeirri röð sem skýrslur eru gefnar í héraði og er ekki ástæða til að hreyfa við því, t.d. hefur það sjaldnast þýðingu að endurrit aðilaskýrslna séu fremst og svo endurrit vitnaskýrslna. Yfirleitt er ástæðulaust að sleppa endurritum sem hafa að geymabókanir dómara vegna þinghalda, þótt þau kunni að hafa takmarkaða þýðingu fyrir úrlausn efnislegs ágreinings fyrir Hæstarétti. Ástæðan er sú að slík endurrit þinghalda veita góða yfirsýn yfir þinghöld í héraði og hvernig málinu hefur

undið þar fram og eru að auki ekki fyrirferðarmikil í málsgögnum. Öðru máli kann að gegna um endurrit vegna skýrslna aðila eða vitna. Úr þeim má sleppa því sem enga þýðingu hefur fyrir úrlausn málsins í Hæstarétti.

2.7 Héraðsdómurinn og áfrýjunargögn

Næst kemur héraðsdómurinn í heild sinni, sbr. h. lið reglnanna og þar á eftir áfrýjunarstefna og greinargerð áfrýjanda, sbr. i. og j. liði þeirra. Sé úrskurðum, sem kveðnir hafa verið upp undir rekstri máls í héraði, einnig skotið til Hæstaréttar, er eðlilegt að þeir komi á undan eða eftir dómi í málinu. Ef áfrýjandi hyggst leggja fram skjöl fyrir Hæstarétt, sem tiltæk eru þegar málsgögn eru gerð skulu þau koma í ágríp næst á eftir greinargerð hans. Séu þau ekki tiltæk verður að leggja þau fram utan ágríps, eins og títt er.

2.8 Efnisskráin.

Fremst í málsgögnum skal koma svonefnd efnisskrá, sem er eins konar efnisyfirlit þeirra. Henni skal skipta í sjö kafla, en þess ber að geta að efnisskráin er að flestu leyti í samræmi við það sem mælt var fyrir um í eldri reglum.

Í fyrsta kafla ber að tilgreina öll skjöl, sem lögð voru fram í héraði, í þeirri röð sem þau voru lögð fram þar, með réttu númeri og tilgreina á hvaða blaðsíðu(m) hvert skjal er í málsgögnum. Tilgreina skal þau skjöl, sem lögð voru fram í héraði en sleppt er í málsgögnum. Slík tilgreining hefur oft þýðingu, einkum vegna þess að hún veitir vísbendingu um hvernig málið lá fyrir í héraði.

Í öðrum kafla ber á hinn bóginn að tilgreina skjölin í þeirri röð, sem þau koma fyrir í málsgögnum og geta með sama hætti blaðsíðutals þeirra þar. Hér á aðeins að tilgreina þau skjöl, sem lögð eru fyrir Hæstarétt og er að finna í málsgögnum.

Í þriðja kafla ber að tilgreina öll þinghöld í málinu í héraði og vísa til síðutals í málsgögnum þar sem endurrit þinghaldsins er að finna. Algengast er að þetta sé gert þannig að tiltekið sé hvaða dag hafi verið þingað í málinu og hvað þar hafi gerst, t.d. að máli hafi verið frestað til gagnaöflunar, lögð hafi verið fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna, lögð hafi verið fram skjöl, t.d. matsgerð eða aðalmeðferð hafi farið fram. Er yfirleitt ástæðulaust að tíunda nánar hvað gert var, enda unnt að fletta upp endurritinu án sérstakrar fyrirhafnar.

Í fjórða kafla skal getið nýrra skjala, sem lögð eru fram fyrir Hæstarétt og geta bókstafsmerkinga þeirra í samræmi við það sem tíðkast hefur, sbr. 7. gr. reglnanna. Auk þess skal getið síðutals þar sem finna má gögnin í málsgögnum, en eins og greinir í síðasta kafla eiga þau að koma á eftir héraðsdóminum í málsgögnunum. Það er löng hefð fyrir því að bókstafsmerkja þau skjöl, sem lögð eru fram í Hæstarétti, sem ný skjöl.⁷ Það er yfirleitt gert þannig að áfrýjunarstefna er merkt sem A en B er merking dómsgerða úr héraðsdómi, en það er heildareintak þeirra skjala, sem lögð voru fram í héraði. Næst á eftir dómsgerðum, merkt C, kemur svo greinargerð áfrýjanda og á eftir henni ný skjöl sem áfrýjandi leggur fram í stafrófsröð eftir því hvernig hann ákveður röð þeirra. Ef máli er gagnáfrýjað kæmi gagnáfrýjunarstefna næst í bókstafsroð, þá greinargerð stefnda og þau skjöl, sem hann leggur fram.

⁷Sjá t.d. Jón Steinar Gunnlaugsson, Um málskot í einkamálum, bls. 66. Þar er þess réttilega getið að nokkurt rót hafi komist á merkingar á skjölum fyrir Hæstarétti og ekki alltaf verið fylgt þeim reglum, sem hér er lýst.

Í fimmta kafla skal tiltaka nöfn þeirra sem komið hafa fyrir dóm við meðferð málsins í héraði og gefið skýrslu og á hvaða blaðsíðum í málgögnum skýrslu hvers þeirra sé að finna. Sé skýrslan ekki í málgögnum er rétt að geta þess.

Í sjötta kafla skal vera tímaskrá, þar sem tilgreind eru öll meginatriði málsatvika í tímaröð. Þessi tímaskrá á ekki að vera löng, heldur á þar að koma fram tilgreining helstu málsatvika í tímaröð. Reyndar hefur það oftast verið svo í málgögnum að þessi tímaskrá er hæfilega löng og veitir gott yfirlit um atvik máls. Undantekningarlítið er hún hlutlæg tilgreining málsatvika og vart unnt að segja að brögð séu að því að leitast við af hálfu áfrýjanda að laga hana að málstað hans. Má því segja að ekki þurfi að breyta framkvæmdinni að þessu leyti.

Í sjöunda kafla er mælt fyrir um að sett skuli fram hlutlæg greining málsins og lýsing ágreiningsefna eins og málið liggur fyrir Hæstarétti. Þessi greining skal vera stutt og svo glögg sem verða má. Þessi regla felur í sér nýmæli og e.t.v. er réttmætt að spurt sé hvort hennar sé þörf, ef ekkert hefur verið við lýsingu á tímaröð málsatvika að athuga, eins og vikið hefur verið að. Ástæða þess að mælt er fyrir um að sett skuli fram stutt hlutlæg greining málsins og ágreiningsefna eins og málið liggur fyrir Hæstarétti er sú, að það horfir oft öðruvísi við en það gerði í héraði, ágreiningsmál takmarkaðri, máli e.t.v. aðeins áfrýjað um hluta þess sem deilt var um í héraði o.fl. Það auðveldar dómurum Hæstaréttar að setja sig inn í mál, ef slík greining áfrýjanda liggur fyrir. Hún á að vera hlutlæg og í henni á ekki að felast skriflegur málflutningur. Engin ástæða er til að ætla að þetta geti ekki gengið eftir. Það er afar mikilvægt að slík greining sé stutt, hún á ekki að þurfa að vera meira en hálf til ein blaðsíða og verði hún of löng missir hún marks. Þetta á ekki að þurfa að krefjast mikils vinnuframlags áfrýjanda. Honum er þetta enda alveg ljóst, eftir að tekin hefur verið ákvörðun um áfrýjun og hann hefur samið áfrýjunarstefnu og lagt niður fyrir sér hvernig greinargerð hans fyrir Hæstarétti á að vera.

2.9 Málgögn í fleiru en einu hefti

Í 5. gr. reglnanna segir að málgögn skuli vera í einu hefti, eða fleirum ef þarf. Fer það almennt eftir umfangi máls.

Á forsíðu málgagna ber, eins og verið hefur, að tilgreina nafn og númer máls og nöfn þeirra sem flytja málið fyrir Hæstarétti. Þegar málgögn eru lögð fram í fleiri en einu hefti skal forsíða allra vera eins, að því frátöldu að tilgreina ber númer heftis.

Þegar málgögn eru lögð fram í fleiri en einu hefti ber í efnisskránni, auk síðutals að tilgreina í hvaða hefti skjölin eru.

Í 5. gr. er mælt fyrir um að endurrit og ljósrit skjala skuli vera skýr og vel læsileg og án yfstríkana eða merkja um þær. Það er mikilvægt fyrir lögmenn að haga meðferð skjala þannig að unnt sé að útbúa málgögn án þess að skjöl þar séu ill- eða ólæsileg, eins og stundum er vegna þess að krotað hefur verið í skjölin, strikað yfir þau með merkipennum eða öðru. Fyrir hefur komið að hluti skjala í málgögnum valdi vandræðum af þessum ástæðum. Er það ekki einungis vegna þess að verið er að ljósrita gömul skjöl, eins og oft er í landamerksamálum, heldur miklu oftast vegna framangreindra ástæðna.

2.10. Málsgögn stefnda

Eins og fyrr greinir skilar stefndi almennt ekki málsgögnum af sinni hálfu. Vonandi verður það áfram svo, því ekki er ástæða til að ætla annað en að áfram verði sátt milli aðila um hvaða skjöl eigi að taka í málsgögn og hverjum megi sleppa. Stefndi leggur þá einungis fram greinargerð sína og eftir atvikum ný skjöl fyrir Hæstarétti, bókstafsmerkt eins og getið hefur verið. Ef stefndi telur að taka eigi fleiri skjöl í málsgögn en áfrýjandi vill, að teknu tilliti til skyldu hans til þess að sýna stefnda sanngirni við val á skjölum í málsgögn, ber stefnda að gera málsgögn af sinni hálfu. Þau eiga að vera í sama horfi og málsgögn áfrýjanda, þó þannig að í efnisskrá skal aðeins geta skjala sem þar eru tekin upp. Almennt verður að telja að það sé óheppileg staða að stefndi telji sig þurfa að skila málsgögnum af sinni hálfu. Ef aðeins er ágreiningur um framlagningu eins eða tveggja skjala sem eru fáeinar síður, er það útlátalítið fyrir áfrýjanda að taka þau með. Það má líka hugsa sér að stefndi leggi þau fram, án þess að búa þau út í formi málsgagna. Hér má formfestan ekki leiða menn í ógöngur.

2.11 Hluti skjals tekinn í málsgögn

Það hefur færst í vöxt að viðamikil skjöl séu lögð fram í heild sinni í dómsmálum, einnig í tilvikum þar sem aðeins lítill hluti þeirra hefur þýðingu fyrir málatilbúnað aðilans. Nefna má hér ýmis hefti í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, ársreikninga rekstraraðila, skýrslur um eitt og annað og fleira. Oft má með réttu efast um gildi slíkrar framlagningar. Oftar en ekki eru þessi gögn tekin í heild sinni í málsgögn við áfrýjun mála. Það er í raun fráleitt þegar einungis lítill hluti skjalsins hefur þýðingu. Fullyrða má, að það sé of lítið gert að því við áfrýjun mála, að velja það eitt úr stórum skjölum sem hefur þýðingu og setja í málsgögn, en sleppa öðru. Þetta getur sparað mikinn pappír og vinnu. Þegar þetta er gert er þó nauðsynlegt að færa inn í skjalið ábendingu um að sleppt hafi verið að leggja fram hluta þess fyrir Hæstarétti og hve mörgum síðum er sleppt, sbr. 6. gr. reglna nr. 601/2014. Í fyrsta kafla efnisskrárinnar ber að tilgreina skjöl sem lögð voru fram í héraði og taka fram hverjum sé sleppt í málsgögnum. Er einnig rétt að geta þess þar þegar hluta skjals er sleppt.

2.12 Uppdrættir og ljósmyndir

Í sumum málum eru lagðir fram uppdrættir, kort, ljósmyndir og fleiri slík gögn. Þetta er til dæmis algengt í landamerkjámálum og þá sérstaklega í svonefndum þjóðlendumálum. Stundum fer vel á því að hafa þessi gögn í málsgögnum, en oftast er sú ekki raunin, heldur er heppilegast að hafa þau í sérhefti eða jafnvel lausblaðamöppu. Í 8. gr. reglna nr. 601/2014 er mælt fyrir um þá meginreglu að svo skuli vera, nema þegar heppilegt þykir að hafa gögnin eins og önnur skjöl í málsgögnum. Þegar þessi gögn eru í sér hefti eða möppu ber að geta þess í efnisskrá þar sem þessi skjöl eru listuð upp ásamt öðrum skjölum. Segir í greininni að þegar þessi skjöl eru í sérstöku hefti eða möppu skuli það eða hún merkt með rómverskum tölum.

2.13. Afdrif málsgagna við ómerkingu héraðsdóms

Í þeim tilvikum sem dómur héraðsdóms er ómerktur og máli vísað heim í hérað til meðferðar að nýju er framhaldið oft á þann veg að málið er þar dæmt að nýju og áfrýjað aftur til Hæstaréttar. Í 9. gr. reglna nr. 601/2014 er kveðið á um að þegar dómur er ómerktur geti málsaðili óskað eftir því við Hæstarétt að rétturinn varðveiti málsgögn í tólf mánuði. Sé nýr dómur kveðinn upp í héraði og honum áfrýjað er mælt fyrir um að áfrýjandi geti látið þar við sitja að hafa í málsgögnum einungis þau skjöl og endurrit sem bæst hafa við frá fyrri meðferð málsins en að öðru leyti megi nota eldri málsgögn. Þau málsgögn, sem áfrýjandi gerir vegna síðari áfrýjunar

málsins verða að vera í samræmi við reglurnar að breyttu breytanda. Í þessu felst mikið hagræði og sparnaður, enda viðurhlutalítið að hafa þann hátt á sem 9. gr. reglnanna gerir ráð fyrir.

2.14 Ófullnægjandi málgögn.

Í eldri reglum um málgögn voru engin ákvæði um hvernig fara skyldi með málgögn, sem ekki samrýmdust þeim fyrirmælum, sem í reglunum voru. Hefur það e.t.v. átt sinn þátt í því að nokkuð hefur fjarð undan reglunum og málgögn oft og tíðum ekki verið eins og þar er mælt fyrir um. Þótt ljóst sé að langflestir lögmenn vilji vanda til verka við gerð málgagna eru þó undantekningar frá því eins og gengur. Mikilvægt er að takmarka það skjalamagn sem lagt er fyrir Hæstarétt að því marki að í málgögnum séu einungis þau skjöl og sá hluti skjala, sem þarf til þess að útkljá málið þar fyrir dómi. Eðlilegt er að framkvæma reglurnar að teknu tilliti til sanngjarnra „vikmarka“. Á síðustu árum hefur það þó gerst hvað eftir annað að málgögn eru fjarri því að vera eins og reglur mæla fyrir um jafnvel þótt sanngirni sé sýnd um að þau þurfi ekki að vera fullkomin. Þess vegna er nauðsynlegt að setja reglu, sem veitir Hæstarétti færi á því að hafna málgögnum „sem eru í verulegu ósamræmi“ við fyrirmælin sem hér hefur verið fjallað um. Í 10. gr. reglna nr. 601/2014 er Hæstarétti veitt heimild til þess, allt þar til 7 dögum fyrir flutning málsins, að mæla fyrir um að bætt skuli úr innan tilgreinds frests. Ef fyrirmælum um úrbætur er ekki sinnt innan frestsins getur rétturinn frestað flutningi málsins þar til úr hefur verið bætt. Æskilegast væri að slík krafa kæmi fram sem fyrst af hálfu Hæstaréttar eftir að málgögnum er skilað. Skrifstofa réttarins á þess þó almennt ekki kost að taka afstöðu til þess hvort málgögnin séu í verulegu ósamræmi við reglurnar. Það er heldur ekki með vissu unnt að miða við að tekin sé afstaða til þess þegar farið er yfir málið til þess að taka ákvörðun um hvort mál skuli dæmt af þremur dómendum, fimm eða jafnvel fleirum. Endanlegt mat um þetta verður því yfirleitt að biða þar til málið fer á dagskrá og undirbúningur dómenda undir flutning þess hefst. Skýrir þetta hvers vegna til þess getur komið að rétturinn verði að hafa svigrúm til þess að gera ekki athugasemdir við ágríp fyrir en sjö dögum fyrir flutning máls. Ætla má þó að í flestum tilvikum verði þetta gert fyrir.

3. Málgögn í sakamálum

3.1 Inngangur

Gerð málgagna í sakamálum er á hendi embættis ríkissaksóknara, sbr. 2. mgr. 202. gr. laga nr. 88/2008. Af þeim sökum gæti ekki verulegs ósamræmis í gerð málgagna í sakamálum, en þó er það svo að í sumum tilvikum hafa málgögn fyrir Hæstarétti í sakamálum haft að geyma öll skjöl, sem lögð voru fram í héraði ásamt endurritum, þótt engin ástæða hafi verið til þess, sbr. t.d. athugasemdir í dómi Hæstaréttar 7. febrúar 2013 í máli nr. 74/2012, sem áður er getið. Um reglur nr. 600/2014 má um flest vísa til þess sem áður segir um sambærilegar reglur, sem gilda um einkamál. Verður því lítt eða ekki vikið að ýmsum ákvæðum reglnanna, þar sem efni sambærilegra reglna um einkamál hefur þegar verið rakið.

3.2 Meginreglan

Í 1. mgr. 1. gr. reglna nr. 600/2014 er þess getið að til málgagna teljist afrit þeirra málskjala og endurrita sem aðilar telja þörf á við úrlausn málsins fyrir Hæstarétti, eins og áfrýjun þess er háttað og nánar er mælt fyrir í reglunum. Með þessu er hnykkt á því að einungis þau skjöl, sem hafa þýðingu við úrlausn málsins fyrir Hæstarétti, teljast til málgagna.

Þessi meginregla er útfærð nánar í 2. gr., reyndar áréttuð í 1. mgr. þeirrar greinar, en í 2. mgr. segir, að sé dómi einungis áfrýjað um hluta þeirra ákæruliða sem fjallað var um í héraði, eigi málgögn aðeins að hafa að geyma skjöl um þá liði, sem sæta áfrýjun. Þá segir í 3. mgr. að þegar dómi er áfrýjað með takmörkuðum hætti, þ.e. einungis um hluta þeirra staflíða, sem greinir í 1. mgr. 196. gr. laga nr. 88/2008, t.d. máli einungis áfrýjað í því skyni að fá héraðsdóm ómerkta, sbr. d. lið skuli takmarka málgögn með hliðsjón af því í hvaða skyni áfrýjað er.

3.3 Samráð við verjanda ákærða. Fjöldi eintaka

Í reglum nr. 600/2014 er undirskilið að ríkissaksóknara beri að hafa samráð við verjanda ákærða um gerð málgagna. Um það samráð er mælt fyrir um í 2. mgr. 202. gr. laga nr. 88/2008. Ber ríkissaksóknara að taka sanngjarnt tillit til óska verjanda um hvaða skjöl skuli vera meðal málgagna. Þar sem um sakamál er að ræða er eðlilegt að tillögur verjandans um þetta vegi þungt. Þó kann að vera að verjandi sé ekki tilbúinn til nokkurs samráðs um gerð málgagna, eða hafi allt aðrar skoðanir á því hvaða skjöl skuli þar taka með en ríkissaksóknari. Í 3. gr. reglnanna segir að ef ríkissaksóknari telji, eins og áfrýjun máls er háttáð, „að alls engin þörf“ sé á að taka í málgögn tiltekin skjöl, sem lögð voru fram við meðferð málsins í héraði, þrátt fyrir óskir verjandans þar um, skuli þau ekki vera meðal málgagna. Ljóst má vera af orðalagi 3. gr. að það yrði aðeins í undantekningartilvikum sem skjöl yrðu ekki tekin með í málgögn gegn eindregnum óskum verjanda. Til þess getur þó komið og verður ríkissaksóknari að hafna slíkum óskum ef þær samrýmast engan veginn fyrirmælum reglnanna um hvernig búa skal mál fyrir meðferð þess í Hæstarétti. Ef verjandi telur þrátt fyrir rök ríkissaksóknara að skjöl séu nauðsynleg vegna flutnings málsins fyrir Hæstarétti verður hann að útbúa sjálfur málgögn af sinni hálfu sem hafi að geyma þau skjöl, sem hann telur nauðsynleg en ríkissaksóknari hefur ekki fallist á að taka með í málgögn. Slík málgögn verjandans verða að vera í samræmi við reglur nr. 600/2014 að því marki sem unnt er.

Ríkissaksóknara ber að afhenda Hæstarétti málgögn í þeim fjölda eintaka, sem rétturinn telur þörf á, svo og dómsgerðir, sbr. 2. mgr. 202. gr. laga nr. 88/2008. Tekið er af skarið um að einungis beri að afhenda verjanda ákærða eitt eintak málgagna, ekki tvö eins og tíðkast hefur til þessa. Vera kann að verjandinn telji nauðsynlegt við undirbúning varnar fyrir Hæstarétti að ákærði fái sjálfur eintak málgagna. Sé svo ber ríkissaksóknara að afhenda honum tvö eintök en þó aðeins ef beiðni verjandans kemur fram innan þriggja vikna frá skipun hans. Ætti þetta að vera nægur tími til þess að hann geti metið hvort þörf sé á því að ákærði fái sjálfur eitt eintak. Ef verjandi kemur ekki fram með beiðni sína í tæka tíð verður hann sjálfur að útbúa eintak fyrir ákærða.

3.4 Efnisskrá og röð skjala í málgögnum

Í 4. gr. reglna nr. 600/2014 segir að efnisskrá skuli vera fremst í málgögnum. Skipan hennar á að vera í samræmi við röðun málgagna eins og henni er lýst í 5. gr.

Röð skjala í málgögnum eins og hún er ákveðin í 5. gr. er mjög til samræmis við það sem tíðkast hefur. Áréttað skal að ríkissaksóknari hefur svigrúm til þess að raða skjölum með öðrum hætti, ef „sérstakar ástæður mæla með“.

Sú röðun sem lýst er í 5. gr. skýrir sig sjálf, auk þess sem hún hefur verið tíðkuð lengi. Er ekki þörf á því hér að lýsa efni einstakra liða. Rétt er þó að geta þriggja atriða:

Í fyrsta lagi er einungis þörf á því að taka með í málgögn úrskurði (og dóma Hæstaréttar) vegna gæsluvarðhalds ákærða, eða annarra ef því er að skipta, sem kveðnir eru upp á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, en ekki aðra gæsluvarðhaldsúrskurði. Ástæða þessa er sú að samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laganna eru þeir dómara sem kveðið hafa upp úrskurði (dóma) um gæsluvarðhald á þessum grundvelli vanhæfir til þess að dæma um efnisþátt málsins. Þess vegna er nægjanlegt að taka með í málgögn yfirlit frá Fangelsismálastofnun um gæsluvarðhaldsvist ákærða, sem reist er á öðrum grundvelli. Í slíku yfirliti kemur fram hvaða úrskurðir hafa verið kveðnir upp um þetta. Slík upptalning á einnig að vera í efnisskrá fremst í málgögnum. Vera kann að ríkissaksóknari telji þörf á að taka með einstaka úrskurði (dóma) þótt þeir varði ekki gæsluvarðhald á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008. Slíkir úrskurðir (dómar) kunna að hafa að geyma upplýsingar, sem ríkissaksóknari telur þörf á að séu í málgögnum. Rétt er að ríkissaksóknari hafi svigrúm til slíks mats.

Í öðru lagi er mælt fyrir um að almennt sé ekki þörf á því að taka með í málgögn aðra úrskurði, sem kveðnir hafa verið upp á rannsóknarstigi. Hér er átt við úrskurði um símhleranir, húsleitir o.fl. Nægilegt sé að listi um úrskurðina og ástæður þeirra sé meðal málgagna og þeir séu tilgreindir í efnisskrá. Ríkissaksóknari kann samt að telja nauðsynlegt að taka úrskurðina (dóma) með í málgögn og hefur hann svigrúm til mats um það.

Í þriðja lagi er í staflíð F mælt fyrir um að eldri dóma og viðurlagaákvarðanir, sem haft geta þýðingu vegna ákvörðun refsingar, skuli taka með í málgögn. Oftast myndi sakavottorð vera nægjanlegt til að veita þær upplýsingar, sem hér skipta máli. Þarf þá ekki að hafa dómana eða viðurlagaákvarðanirnar í málgögnum. Þegar þessi gögn hafa sérstaka þýðingu og geta veitt þýðingarmiklar upplýsingar, sem ekki koma fram á sakavottorði, ber að taka þá með í málgögn. Hér getur einkum verið um að ræða héraðsdóma gamla eða nýja, sem skipta máli við ákvörðun refsingar.

3.5 Önnur atriði.

Í 6. til 11. gr. reglna nr. 600/2014 eru ákvæði, sem eiga sér samsvörun í reglum nr. 601/2014 um málgögn í einkamálum og gerð hefur verið grein fyrir að framan. Vísast til þeirrar umfjöllunar. Þannig skulu málgögn í sakamálum að jafnaði vera í einu bindi, nema umfang máls leiði til þess að þau þurfi að vera fleiri. Á kápu hvers bindis skal greina nafn málsins og númer, svo og hverjir flytji málið fyrir Hæstarétti. Gerð er sama krafa og í einkamálum til skýrleika skjala sem eru í málgögnum. Sé hluta skjals sleppt skal þess getið sérstaklega á viðeigandi stað í skjalinu og þá jafnframt hve mörgum síðum sé sleppt. Málgögn skulu vera með síðutali og ný skjöl merkt með bókstöfum á þann hátt sem tíðkast hefur. Uppdrættir, kort, ljósmyndir og annað slíkt má vera í sama hefti og önnur skjöl, en aðeins ef vel fer á því. Ella skulu slík gögn vera í sér hefti eða möppu, merkt með rómverskum tölum.

Sé héraðsdómur ómerktur og máli vísað heim í hérað til meðferðar getur ríkissaksóknari óskað eftir því að Hæstiréttur varðveiti málgögn í tólf mánuði. Við áfrýjun dóms í málinu að nýju nægir þá, eins og gildir um einkamál, að láta við það sitja að hafa einungis í nýjum málgögnum þau skjöl sem best hafa við frá fyrri meðferð málsins í héraði, en nota má eldri málgögn að öðru leyti.

Ekki er gert ráð fyrir því í reglum nr. 600/2014 að í efnisskrá sé að finna hlutlæga greiningu málsins og helstu ágreiningsefna þess eins og það liggur fyrir Hæstarétti. Þótt slíkt stutt yfirlit um málið og ágreiningsefni þess gæti verið heppilegt í sumum tilvikum er ekki jafn rík þörf á því í sakamálum og í einkamálum. Ástæðan er sú að ákæran, sem er grundvöllur málsins í héraði, er að jafnaði stutt og skýr um það hvert sé efni máls. Tilkynning ákærða um áfrýjun málsins og áfrýjunarstefna, sem ríkissaksóknari gefur út, veita almennt auðveldlega upplýsingar um hvernig málið horfi við fyrir Hæstarétti. Er því ekki þörf á að gera þá kröfu til ríkissaksóknara að hann taki saman sérstakt yfirlit eins og áfrýjanda í einkamáli ber að gera.

Hæstiréttur hefur sambærilega heimild í sakamálum til að krefjast þess að bætt sé úr alvarlegum ágöllum á málgögnum og í einkamálum. Sé fyrirmælum réttarins um úrbætur ekki sinnt getur hann frestað máli þar til úr hefur verið bætt.

4. Lokaorð.

Í þessari grein hefur verið fjallað um efni nýrra reglna um málgögn í einkamálum og sakamálum þegar dómum héraðsdóms er áfrýjað til Hæstaréttar. Reglurnar taka gildi 1. september 2014. Efni þeirra er um flest í samræmi við áður gildandi reglur. Í greininni hefur verið leitast við að fjalla sérstaklega um nýmæli í hinum nýju reglum í þessari grein. Reglurnar eru samdar í samráði við fulltrúa Lögmannafélags Íslands og ríkissaksóknara. Vonandi taka lögmennt og starfsmenn ríkissaksóknara þessum reglum vel og ef svo er ætti það að leiða til bættis málatilbúnaðar fyrir Hæstarétti og auðvelda meðferð mála þar fyrir dómi.